

Reykjavík, 18. júní 2019

## Fjörusteinninn

Fjörusteinninn, umhverfisverðlaun Faxaflóahafna hafa verið veitt frá árinu 2007 og verða nú veitt í 13 skipti. Venjan hefur verið að veita verðlaunin fyrirtækjum sem starfa á hafnarsvæðunum og sýnt hafa fram á framsækni í umhverfismálum og verið til fyrirmyndar hvað varðar frágang á lóðum og snyrtilegt umhverfi. Eftirfarandi aðilar hafa hlotið Fjörusteinninn frá upphafi:

2007 Eimskipafélag Íslands  
2008 Nathan og Olsen hf  
2009 Egilsson ehf  
2010 Jón Ásbjörnsson og Fiskkaup ehf  
2011 Lýsi hf  
2012 Samskip hf  
2013 Elding – hvalaskoðun ehf  
2014 HB Grandi hf  
2015 Íslenski Sjávarklasinn ehf  
2016 Special Tours  
2017 Landhelgisgæsla Íslands  
2018 Hafið öndvegissetur

Á aðalfundi Faxaflóahafna sf. verður að vanda veitt umhverfisviðurkenning. Í ár hlýtur Hafrannsóknastofnun fjörusteinninn.

Heimahöfn rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunar hefur verið við Gömlu höfnina í Reykjavík frá stofnun árið 1965. Upphaf hafrannsókna við Ísland má þó rekja til síðari hluta 19. aldar er Danir hófu sjórannsóknir við landið. Frá árinu 1978 hefur stofnunin árlega birt skýrslu um ástand nytjastofna og lagt fram tillögur um hámarksafla úr helstu nytjastofnum. Hafrannsóknastofnun og Veiðimálastofnun sameinuðust þann 1. júlí 2016 og þá varð til Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna. Stofnunin er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsóknna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Hún heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Fyrirhugað er að á árinu 2019 flyti starfsemi Hafrannsóknastofnunar í Hafnarfjörð.

Hafrannsóknastofnun á og rekur tvö sérútbúin rannsóknarskip, Árna Friðriksson ER 200 og Bjarna Sæmundsson ER 30. Skip Hafrannsóknarstofnunar hafa verið landtengd með rafmagni frá því að Reykjavíkhöfn, nú Faxaflóahafnir, hófu uppsetningu rafdreifikerfis við Gömlu höfnina. Leiðangrar skipanna beinast meðal annars að margvíslegum vistfræðiathugunum, stofnmælingum, kortlagningu hafsbotnsins, fiskmerkingum og veiðarfærarannsóknnum. Höfuðstöðvar Hafrannsóknastofnunar voru frá upphafi í Gömlu höfninni en fluttust árið 2006 frá Faxaskála, þar sem tónlistarhúsið Harpa stendur nú, í Sjávarútvegshúsið að Skúlagötu 4. Stofnunin hefur starfssöðvar út um allt land en stofnunin leigir húsnæði af Faxaflóahöfnum í Grandaskála, þar eru meðal annars geymd veiðarfæri og ýmissi þjónustu tengdri rannsóknaskipum stofnunarinnar og annarri rannsóknarstarfsemi sinni.

Fiskasýning Hafrannsóknastofnunar hefur verið fastur liður í Hátíð hafsins og meðal vinsælustu viðburða þar og glatt borgarbúa. Þar hefur mátt sjá fjölbreytta fiska og furðuskepnur, allt frá algengum nytjafiskum eins og þorsk og ýsu að sjaldséðari tegundum eins og svartdjöfli og bjúgtanni.

Skip stofnunarinnar hafa sett svip sinn á höfnina undanfarna áratugi, umgengi stofnunarinnar við hafnarsvæðið hefur verið til fyrirmyndar ásamt því að skip hennar hafa verið landtengd með rafmagni svo árum skiptir.

Hildur Gunnlaugsdóttir, Skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna sf.